



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

564. stjórnarfundur fimmtudagur 29. apríl 2021 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir. Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

Fjarverandi Kári Gunnlaugsson og Eva Björk Sveinsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ Fréttabréf frá UMFÍ Sumarglaðningur, lög samþykkt skattafrádráttur af framlagi til íþróttastarfa og sækja um starfskrafta Hefjum störf

Fundargerð barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar.

Tölvupóstur frá Knattspyrnudeild Tilkynning að umsókn knattspyrnudeildar um styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála var samþykktur.

Afrit af umsóknum deilda um sumarstörf.

Bréf frá Rúnari Arnarsyni um að leigja Hringbraut 108 í einn mánuð maí 2021.

Tölvupóstur frá UMFÍ fjarfundur með félagsmálaráðherra átakið hefjum störf

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

### 4. Sportabler

Hjördís Baldursdóttir íþróttastóri kom á fundinn og útskýrði hvað breytingar væru þar sem Sportabler væri búnir að kaup Nóra skráningarkerfið. Ákveðið að Hjördís fengi fulltrúa Sportabler til að koma á fund til okkar og hitta Einar, Garðar og Hjördísi til að fara betur yfir málin. Ljóst er að þetta er kostnaðarsamt fyrir félagið.

### 5. Hringbraut 108 – ástandsskoðun

Einar sagði frá því að Öryggismiðstöðin hafi styrkt okkur um það sem það kostaði að taka út þjófavarna- og brunakerfið.

Bréf frá Rúnari Arnarsyni tekið fyrir og samþykkt að leigja Hringbraut 108 í einn mánuð (maí 2021). **Framkvæmdastjóra falið málið og það sé gert með að knattspyrnudeildin hafi aðgang að húsnæðinu á leikdögum meistaraflokks karla og kvenna þegar spilað er heima.**

Birgir Már Bragason fór yfir vinnu við ástandsskoðun á húsinu og var með skýrslu um ástand og gróft kostnaðarmat á tveimur tillögum.

### 6. Stefnumótun UMFÍ

Einar sagði frá fundi sem hann var á varðandi stefnumótun hreyfingarinnar sem fram fór á fjarfundi 20. apríl 2021

## 7. Önnur mál

- A. Einar Haraldsson sagði frá að Vinnumálastofnun hafi samþykkt umsóknin fyrir framkvæmdastjórnann.
- B. Auka greiðsla UMFÍ og ÍSÍ til félagsins vegna góðra afkomu Íslenskrar Getspár.
- C. Malarvallarsvæðið við Hringbraut. Nefndin er ekki búin að koma saman en Birgir sýni nokkrar hugmyndir sem á eftir að fara fyrir nefndina.
- D. Búið er að skipta um spegil í tækjasal.
- E. Einar sagði frá að húsnefnd félagsheimilisins hefur fundað og það væru komnar litaprufur.
- F. Stjórnarmönnum afhent aðgangskort á knattspyrnuleikir.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 11. maí 2021

Fundi slitið kl. 20:10

Fundinn ritaði Einar Haraldsson